



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 17/2014

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Kaupáss ehf.,
rekstraraðila Krónunnar að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

1.

Starfsmaður Neytendastofu kom í verslanir Kaupáss ehf., rekstraraðila Krónunnar, á Selfossi þann 8. júlí 2013, við Fiskislóð þann 18. júní 2013, Hvaleyrarbraut þann 10. júní 2013, og Skógarlind þann 11. júní 2013, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga í verslununum. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum skal verðmerking vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru hún vísar. Skoðunin fer þannig fram að starfsmaður kannar almennt ástand verðmerkinga í versluninni, þ.e. hvort vörur séu verðmerktar, auk þess sem ástand verðmerkingarskanna er skoðað. Þá eru valdar af handahófi 50 vörur og athugað hvort þær séu verðmerktar og hvort hilluverðmerking samræmist við verð á kassa. Niðurstöður skoðananna voru þær að gerðar voru athugasemdir við 26 vörur af þeim 50 sem valdar voru af handahófi hjá Krónunni á Selfossi. Í verslun Krónunnar við Fiskislóð voru gerðar athugasemdir við 19 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Í verslun Krónunnar við Hvaleyrarbraut voru gerðar athugasemdir við átta vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Í verslun Krónunnar við Skógarlind voru gerðar athugasemdir við 28 vöru af þeim 50 vörum sem skoðaðar voru.

Stafsmenn verslananna kvittuðu fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeirra athugasemda sem gerðar voru. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í verslununum þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.



Með bréfum Neytendastofu til Kaupás, dags. 27. júní og 11. júlí 2013, greindi stofnunin frá niðurstöðum skoðananna í verslununum og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

Neytendastofu barst tölvupóstur frá Kaupási dags. 9. júlí 2013, þar sem fram kemur að fyrirtækið sjái ekki betur en það dugi að hafa textann „*mælieiningarverð*“ til útskýringar á einingarverði þar sem um er að ræða kílóaverð, lítraverð eða stykkjaverð. Það sé heppilegast fyrir fyrirtækið og muni það notast við það orðalag. Ef það stangist á við reglugerð þá vilji fyrirtækið heyra frá Neytendastofu.

Neytendastofa sendi Kaupási tölvubréf dags. 9. júlí 2013, þar sem fram kemur að reglur um einingarverð sé að finna í reglum nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð á sölu á vörum. Í 2. gr. þeirra sé að finna orðskýringu á orðinu einingarverð og í 3. gr. sé kveðið á um skyldu til að upplýsa um sölu- og einingarverð. Í 5. gr. sé fjallað um að hvernig eigi að gefa upp einingar á einingarverði. Í ákvæðinu komi fram að einingarverð skuli gefið upp í krónum pr. kílógramm, krónu pr. lítra eða kúbikmetra, krónum pr. metra eða kílómetra, krónum pr. fermetra, krónum pr. stykki eða 100 stykki eða krónum fyrir ráðlagðan skammt. Skýrt komi fram í reglunum að fyrirtækjum beri að merkja vörur með réttu einingarverði og með einingum sem leyfðar séu í lögum og reglum. Þær einingar komi fram í 5. gr. reglnanna því sé ekki heimilt að gefa upp eitt mælieiningarverð í stað einingarverðs sem skylt er að notast við samkvæmt ákvæðinu.

2.

Þann 4. september 2013 var framkvæmd önnur skoðun hjá Krónunni á Selfossi sem fór fram með sama hætti og fyrri skoðun. Niðurstöður skoðunarinnar voru að gerðar voru athugasemdir fimm vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Auk þess sem gerðar voru athugasemdir við óverðmerktar stæður með kaffi og baunum á gólfi. Verslanir Krónunnar við Fiskislóð, Skógarlind og Hvaleyrarbraut voru skoðaðar dagana 14.-16. október 2013. Í Krónunni við Fiskislóð voru gerðar athugasemdir við 18 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Í Krónunni við Hvaleyrarbraut voru gerðar athugasemdir 13 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Auk þess sem gerðar voru athugasemdir við að kælar með gosi og ís væru óverðmerktir, óverðmerktan geisladiskastand og óverðmerktan vegg með sokkum, skærum og naglaklippum. Í Krónunni við Skógarlind voru gerðar athugasemdir við 29 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Auk þess sem gerðar voru athugasemdir við að óverðmerkt væri á vegg með spennum, snyrtidóti, burstum og nöglum.

Með bréfi Neytendastofu til Kaupáss, dags. 18. september 2013, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðu skoðunarinnar í verslun Krónunnar á Selfossi. Með bréfi stofnunarinnar til Kaupáss, dags. 30. október 2013, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðu skoðunarinnar í verslunum



Krónunnar við Skógarlind, Fiskislóð og Hvaleyrarbraut auk þess sem gerð var grein fyrir þeim ákvæðum sem gilda um verðmerkingar. Í bréfinu var einnig greint frá því að þar sem mál Krónunnar á Selfossi sé sama eðlis þá hafi Neytendastofa tekið ákvörðun að sameina meðferð málanna. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi fyrirtækið ekki hafa gert viðeigandi lagfæringar á ástandi verðmerkinga í verslununum. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Neytendastofu barst tölvubréf frá Kaupás, dags. 5. nóvember 2013. Í bréfinu kemur fram að fyrirtækið hafi farið í gegnum alla sína vörulista sem þeir hafi á boðstólnum fyrir viðskiptavinum og lagfært samkvæmt tilmælum Neytendastofu. Krónan sé samvinnufús og vilji hafa þessi mál á hreinu og harmi niðurstöðu könnunarinnar hjá Krónunni við Hvaleyrarbraut þar sem hafi verið ómerktur frystiveggur. Ástæðan sé að óhapp hafi orðið með frystinn og það hafi orðið að taka allt úr honum og hafi hann verið óvirkur í nokkra daga. Það sé verkferli að athuga skráða hillumiða hjá Krónunni sem eigi að vera daglegt eftirlit þar sem að lágmarki einn rekki sé athugaður daglega. Krónan hafi tvo svæðisstjóra sem hafi það verkefni að fylgja á eftir rekstri og eftirfylgni á ferlum, fyrirtækið muni sjá til þess að því verði fylgt betur eftir.

Neytendastofu barst annað tölvubréf, dags. 7. nóvember 2013, þar sem fram kom að til viðbótar við fyrri tölvubréf þá vilji fyrirtækið bæta við að þær vörur sem Neytendastofa vitni í sem séu óverðmerktar á vegg t.d. snyrtivörur, burstar og fl., séu handverðmerktar með merkibyssu. Birginn eigi að sjá um að gera slíkt fyrir verslunina á staðnum og sé það alfarið í þeirra umsjón þar sem þessi vara sé í skannasölu hjá versluninni. Krónan muni skoða þá vöru og ítreka við rétta aðila.

II. Niðurstaða

Í máli þessu sinni Kaupás, rekstraraðili Krónunnar, ekki fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslunum sínum á Fiskislóð, Hvaleyrarbraut, Selfossi og Skógarlind í viðunandi horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur



að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.

Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“

Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber Krónunni að verðmerkja allar söluvörur sínar með endanlegu verði og einingarverði og skulu þær vera réttar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðana í verslun Krónunnar á Selfossi að gerðar voru athugasemdir við fimm vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru auk þess sem gerðar voru athugasemdir við óverðmerktar stæður með kaffi og baunum á gólfi. Í verslun Krónunnar á Fiskislóð voru gerðar athugasemdir við 18 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Í Krónunni á Hvaleyrarbraut voru gerðar athugasemdir við 13 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Auk þess sem gerðar voru athugasemdir við að kælar með gosi og ís væru óverðmerktir, óverðmerktan geisladiskastand og óverðmerktan vegg með sokkum, skærum og naglaklippum. Í Krónunni í Skógarlind voru gerðar athugasemdir við 29 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Auk þess sem gerðar voru athugasemdir við að óverðmerkt væri á vegg með spennum, snyrtidóti, burstum og nöglum. Slíkt telur Neytendastofa óviðunandi og brjóta gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og verðmerkingareglanna. Fyrirtæki bera almennt ábyrgð á öllum verðmerkingum í verslunum sínum og geta því alla jafna ekki firrt sig ábyrgð vegna fyrirkomulags við birgja. Eftir fyrri skoðun Neytendastofu var þeim fyrirmælum beint til Krónunnar að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.



Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og að Kaupás hefur áður hlotið sekt með ákvörðun Neytendastofu nr. 23/2010, fyrir ófullnægjandi verðmerkingar í verslun Krónunnar við Hvaleyrarbraut, telur Neytendastofa að leggja verði á sekt á fyrirtækið í samræmi við heimildir laga.

Að teknu tilliti til umfangs brotsins og fyrri sektarákvörðunar Neytendastofu þar sem Kaupás var sektað um 350.000 kr. fyrir að fara ekki að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í lag í Krónunni á Hvaleyrarbraut, sem og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Kaupás, stjórnvaldssekt að fjárhæð 450.000 kr. fyrir hverja verslun. Kaupási er því gert að greiða 1.800.000 kr. (einamilljónogáttahundruðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III. Ákvörðunarorð:

„Kaupás ehf., Bildshöfða 20, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með óviðunandi verðmerkingum í verslunum fyrirtækisins við Fiskislóð, Hvaleyrarbraut, Skógarlind og á Selfossi. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Kaupás að fjárhæð kr. 1.800.000 (einamiljónogáttahundruðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 2. apríl 2014

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir